

**Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-apríl 2011**

**Greiðsluuppgjör ríkissjóðs** fyrir fyrstu fjóra mánuði ársins 2011 liggur nú fyrir. Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 9,1 ma.kr. en var neikvætt um 11,1 ma.kr. á sama tímabili 2010. Tekjur drógust saman um 3,5 ma.kr. en á sama tíma drógust gjöldin saman um 13,6 ma.kr. milli ára. Þetta er betri niðurstaða en gert var ráð fyrir í áætlunum þar sem gert var ráð fyrir að handbært fé frá rekstri yrði neikvætt um 20,2 ma.kr.

**Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-apríl 2007-2011**

	Í milljónum króna				
	2007	2008	2009	2010	2011
Innheimtar tekjur	149 248	160 788	151 271	147 091	143 565
Greidd gjöld	115 320	125 208	167 742	171 241	157 653
<b>Tekjujöfnuður</b>	<b>33 928</b>	<b>35 581</b>	<b>-16 471</b>	<b>-24 150</b>	<b>-14 088</b>
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	-3 043	-7 202	-4 249	13 057	4 942
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>30 885</b>	<b>28 379</b>	<b>-20 720</b>	<b>-11 093</b>	<b>-9 146</b>
<b>Fjármunahreyfingar</b>	<b>-29 401</b>	<b>-2 354</b>	<b>8 176</b>	<b>-5 313</b>	<b>-1 754</b>
<b>Hreinn lánsfjárfjöfnuður</b>	<b>1 484</b>	<b>26 025</b>	<b>-12 544</b>	<b>-16 406</b>	<b>-10 900</b>
<b>Afborganir lána</b>	<b>-32 024</b>	<b>- 804</b>	<b>-1 337</b>	<b>-71 988</b>	<b>-6 020</b>
Innanlands	-20 915	- 700	-1 337	-71 988	- 753
Erlendis	-11 109	- 104	-	-	-5 267
<b>Greiðslur til LSR og LH</b>	<b>-1 320</b>	<b>-1 320</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>-</b>
<b>Lánsfjárfjöfnuður, brúttó</b>	<b>-31 864</b>	<b>23 901</b>	<b>-13 881</b>	<b>-88 394</b>	<b>-16 920</b>
<b>Lántökur</b>	<b>46 052</b>	<b>9 701</b>	<b>43 706</b>	<b>59 621</b>	<b>33 173</b>
Innanlands	41 661	9 701	37 138	62 246	20 504
Erlendis	4 391	-	6 568	-2 626	12 669
<b>Breyting á handbæru fé</b>	<b>14 188</b>	<b>33 602</b>	<b>29 825</b>	<b>-28 773</b>	<b>16 253</b>

**Innheimtar tekjur** ríkissjóðs námu 143,6 ma.kr. á fyrstu fjórum mánuðum ársins og eru það 2,4% minni tekjur en skiluðu sér á sama tíma í fyrra. Innheimtar tekjur voru þó meiri en áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir, eða 2,8 ma.kr. meiri, og stafar það einkum af meiri innborgunum á fjármagnstekjuskatti en reiknað var með.

Skatttekjur og tryggingagjöld námu 133,9 ma.kr. samanlagt frá janúar til apríl sem er 1,1% samdráttur frá fyrra ári en 1,6% yfir tekjuáætlun fjárlaga. Þar af var bókfærður tekjuskattur einstaklinga 30,6 ma.kr. sem er samdráttur um 3% frá sama tíma árið 2010 og 0,4% undir tekjuáætlun. Samdráttinn á milli ára má að mestu rekja til flutnings á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga í ársbyrjun, en samhliða honum var útsvar hækkað um 1,2% og tekjuskattur lækkaður á móti. Sé litið til samanlagðra skila launagreiðenda í staðgreiðslukerfinu á bæði tekjuskatti og útsvari er 3,6% aukning milli ára á fyrstu fjórum mánuðum ársins, þrátt fyrir aðeins 0,09 prósentustiga hækkun skatthlutfallsins þ.e.


útsvarsins. Aukningin stafar því að mestu af hækkun tekjuskattsstofnsins milli ára. Tekjuskattur lögaðila nam 4,5 ma.kr. sem er aukning um 12,5% frá því í fyrra og er í samræmi við áætlun fjárlaga. Innheimtur fjármagnstekjuskattur var 17,8 ma.kr. á fyrstu fjórum mánuðum ársins sem er 3,6% aukning frá sama tíma í fyrra. Fjárlagaáætlunin gerði ráð fyrir 14,8 ma.kr. tekjum og er innheimtan því um 3 ma.kr. umfram það. Hér er um að ræða skatt af fjármagnstekjum á síðasta fjórðungi ársins 2010 og að hluta til fyrsta ársfjórðungs í ár, en gjalddagi hans var í apríl og eindaginn í maí. Innheimta eignarskatta var 1,5 ma.kr. og jókst um 0,1% á milli ára, þar af jukust stimpilgjöld um 2,8% enda hefur velta íbúðarhúsnæðis (mæld sem fjöldi þinglýstra kaupsamninga) aukist töluvert það sem af er ári samanborið við fyrra ár.

### **Tekjur ríkissjóðs janúar-apríl 2009-2011**

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2009	2010	2011	2009	2010	2011
<b>Skatttekjur og tryggingagjöld</b>	<b>131 963</b>	<b>135 439</b>	<b>133 942</b>	<b>-10,9</b>	<b>2,6</b>	<b>-1,1</b>
<b>Skattar á tekjur og hagnað</b>	<b>63 187</b>	<b>52 697</b>	<b>52 844</b>	<b>-2,6</b>	<b>-16,6</b>	<b>0,3</b>
Tekjuskattur einstaklinga	29 657	31 549	30 589	-4,5	6,4	-3,0
Tekjuskattur lögaðila	5 400	3 966	4 462	-31,1	-26,6	12,5
Skattur á fjármagnstekjur	28 130	17 183	17 793	8,2	-38,9	3,6
<b>Eignarskattar</b>	<b>1 725</b>	<b>1 475</b>	<b>1 477</b>	<b>-41,6</b>	<b>-14,5</b>	<b>0,1</b>
<b>Skattar á vöru og þjónustu</b>	<b>52 157</b>	<b>59 350</b>	<b>56 028</b>	<b>-18,3</b>	<b>13,8</b>	<b>-5,6</b>
Virðisaukaskattur	36 915	40 746	36 814	-17,9	10,4	-9,7
Vörugjöld af ökutækjum	343	359	688	-91,3	4,8	91,7
Vörugjöld af bensíni	3 019	3 311	3 243	9,5	9,7	-2,1
Skattar á olíu	2 160	2 155	2 148	-13,4	-0,2	-0,4
Áfengisgjald og tóbaksgjald	3 845	4 423	4 477	7,4	15,0	1,2
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	5 876	8 356	8 658	-3,8	42,2	3,6
<b>Tollar og aðflutningsgjöld</b>	<b>1 640</b>	<b>1 919</b>	<b>1 975</b>	<b>-15,5</b>	<b>17,0</b>	<b>2,9</b>
<b>Aðrir skattar</b>	<b>859</b>	<b>1 270</b>	<b>1 212</b>	<b>18,8</b>	<b>47,9</b>	<b>-4,5</b>
<b>Tryggingagjöld</b>	<b>12 395</b>	<b>18 727</b>	<b>20 406</b>	<b>-9,8</b>	<b>51,1</b>	<b>9,0</b>
<b>Fjárframlög</b>	<b>140</b>	<b>40</b>	<b>193</b>	<b>145,3</b>	<b>-71,4</b>	<b>383,8</b>
<b>Aðrar tekjur</b>	<b>20 655</b>	<b>11 362</b>	<b>9 334</b>	<b>95,6</b>	<b>-45,0</b>	<b>-17,8</b>
<b>Sala eigna</b>	<b>305</b>	<b>233</b>	<b>96</b>	-	-	-
<b>Tekjur alls</b>	<b>153 062</b>	<b>147 073</b>	<b>143 565</b>	<b>-4,8</b>	<b>-3,9</b>	<b>-2,4</b>

Skattar á vöru og þjónustu námu 56 ma.kr. frá janúar til apríl sem er 5,6% samdráttur frá árinu 2010 og um milljarði króna lægri upphæð en gert var ráð fyrir að innheimtist. Þegar horft er á 4 mánaða meðaltal nemur raunlækkunin 8,1% (sjá mynd).

**Raunbreyting skatta á vöru og þjónustu milli ára,  
m.v. 4 mánaða hlaupandi meðaltal**



Áréttað skal að myndin sýnir ekki þróun undirliggjandi skattstofna heldur tekjur ríkissjóðs á hverjum tíma (umfram almenna verðlagshækkun). Skattahækkanir hafa því áhrif á þann feril sem myndin sýnir.

Innheimta virðisaukaskatts á fyrstu fjórum mánuðum ársins nam 36,8 ma.kr. Það er samdráttur um 9,7% frá sama tíma í fyrra sem stafar að hluta til af því að álagning virðisaukaskatts var töluvert lægri á fyrstu tveimur mánuðum ársins miðað við sama tíma árið 2010 vegna hærri innskatts. Virðisaukaskattur í aprílmánuði einum nam 10,1 ma.kr. og kemur að mestu af sölu vöru og þjónustu í mánuðunum janúar og febrúar. Fyrir utan virðisaukaskatt eru vörugjöld af bensíni og olíu, áfengi og tóbaki stærstu liðir óbeinu skattana. Tekjur af bensín- og olúgjöldum voru svipaðar og á sama tíma í fyrra en þær voru annars vegar 7,4% og hins vegar 5,4% undir áætlun fjárlaga. Skýrist það af minni sölu á bensíni og olíu en gert var ráð fyrir, sem rekja má til mjög mikilla verðhækkana á þessum vörum. Þá hafa áfengis- og tóbaksgjald skilað ríkissjóði 1,2% meiri tekjum en á sama tíma í fyrra en þó heldur minni tekjum en reiknað var með. Tekjur af vörugjöldum af ökutækjum eru sá liður óbeinu skattana sem hefur aukist mest, eða um rúmlega 90% á milli ára enda hafa nýskráningar bíla nærri tvöfaldast borið saman við janúar-apríl 2010. Tekjur af tryggingagjaldi voru 20,4 ma.kr. sem er aukning um 9% frá sama tíma 2010 og 0,5% yfir áætlun. Aðrar tekjur ríkissjóðs (aðrar en skatttekjur, fjárframlög og eignasala) námu 9,3 ma.kr. sem er 17,8% samdráttur frá sama tíma árið 2010 en 8,1% yfir áætlun fjárlaga. Hér er einkum um að ræða vaxtatekjur og tekjur af sölu vöru og þjónustu. Þá voru tekjur af sölu eigna 96 m.kr. en þær voru 233 m.kr. á sama tíma í fyrra.

**Greidd gjöld** námu 157,7 ma.kr. og drógust saman um 13,6 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 7,9%. Greidd gjöld voru einnig innan fjárheimilda tímabilsins um 3,2 ma.kr. eða 2%. Útgjöld til málaflokka breyttust mismikið milli ára, en frekari greining á frávikum hvers málaflokks er að finna hér að neðan.

*Vaxtagjöld ríkissjóðs* drógust saman um 6,2 ma.kr. milli ára og voru jafnframt um 1,6 ma.kr. innan fjárheimilda ársins. *Útgjöld til almennrar opinberrar þjónustu* drógust saman

um 510 m.kr. á milli ára og voru jafnframt 678 m.kr. innan fjárheimilda. *Útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála* drógust saman um 1 ma.kr. milli ára sem skýrist að hluta með því að málefni fatlaðra fluttust frá ríki til sveitarfélaga en einnig með sérstakri vaxtaniðurgreiðslu að upphæð 3 ma.kr. til útgjaldaauka á milli ára. Þá voru greiddar barnabætur tæpum 1 ma.kr. lægri en á sama tímabili í fyrra, útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs 770 m.kr. lægri og útgjöld Fæðingarorlofssjóðs 439 m.kr. lægri.

*Útgjöld til heilbrigðismála* drógust saman um 694 m.kr. milli ára en voru nokkurn veginn í jafnvægi við heimildir. Útgjöld Landspítala drógust saman um 528 m.kr. milli ára sem er í samræmi við það sem gert var ráð fyrir. *Útgjöld til efnahags- og atvinnumála* drógust saman milli ára um 638 m.kr. og voru jafnframt 1,7 ma.kr. innan heimilda tímabilsins. Þar vegur þyngst að ýmsar framkvæmdir hafa farið hægar af stað en gert var ráð fyrir. Til dæmis dragast útgjöld Vegagerðarinnar saman um 336 m.kr. og eru 1,2 ma.kr. innan heimilda, útgjöld vegna hafnarframkvæmda dragast saman um 250 m.kr. og útgjöld flugvalla og flugleiðsöguþjónustu dragast saman um 164 m.kr. *Útgjöld til menntamála* voru 2,2 ma.kr. lægri en á sama tímabili í fyrra en voru í samræmi við fjárheimildir tímabilsins. Þetta skýrist að mestu með greiddum útgjöldum Lánasjóðs íslenskra námsmanna sem voru um 1,7 ma.kr. lægri. Þessi frávik skýrast að mestu með tilflutningi á greiðslum innan ársins. *Útgjöld til menningar-, íþróttá- og trúmála* voru 311 m.kr. lægri en á sama tímabili í fyrra og 176 m.kr. lægri en fjárheimildir tímabilsins.

*Útgjöld til löggæslu, réttargæslu og öryggismála* drógust saman um 376 m.kr. milli ára en voru 258 m.kr. umfram heimildir tímabilsins. Þarna munar langmest um fjárfestingar Landhelgisjóðs en á árinu 2010 voru mikil útgjöld vegna kaupa á flugvél fyrir Landhelgisgæsluna og nýju varðskipi. *Útgjöld til umhverfisverndar* eru 22 m.kr. lægri í ár en á sama tíma í fyrra og jafnframt 104 m.kr. innan áætlana. *Útgjöld til Varnarmála* drógust saman um 100 m.kr. en voru 76 m.kr. yfir heimildum tímabilsins. *Útgjöld til húsnæðis- skipulags- og veitumála* drógust saman um 63 m.kr. milli ára og voru 23 m.kr. innan heimilda tímabilsins. *Óregluleg útgjöld* drógust saman um 1,4 ma.kr. milli ára en voru 400 m.kr. yfir fjárheimildum. Þessi samdráttur skýrist að mestu með útgjöldum vegna ríkisábyrgða sem eru 1 ma.kr. lægri en í fyrra. Þá var greiddur fjármagnstekjuskattur ríkissjóðs 361 m.kr. lægri en í fyrra sem er þó 242 m.kr. hærri en heimildir gerðu ráð fyrir.

### Gjöld ríkissjóðs janúar-apríl 2009-2011

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2009	2010	2011	2010	2011
Vaxtagreiðslur	20 128	27 298	21 062	35,6	-22,8
Almenn opinber þjónusta	14 235	14 472	13 962	1,7	-3,5
Varnarmál	507	549	449	8,3	-18,2
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	5 447	6 218	5 841	14,2	-6,1
Efnahags- og atvinnumál	19 621	15 219	14 581	-22,4	-4,2
Umhverfisvernd	1 339	1 286	1 264	-4,0	-1,7
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	51	213	149	317,6	-30,0
Heilbrigðismál	37 652	36 814	36 120	-2,2	-1,9
Menningar- íþróttá- og trúmál	6 575	5 608	5 297	-14,7	-5,5
Menntamál	16 504	17 776	15 553	7,7	-12,5
Almannatryggingar og velferðarmál	41 854	40 997	39 984	-2,0	-2,5
Óregluleg útgjöld	3 830	4 790	3 390	25,1	-29,2
<b>Gjöld alls</b>	<b>167 742</b>	<b>171 241</b>	<b>157 653</b>	<b>2,1</b>	<b>-7,9</b>

**Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs.** Hreinn lánsfjárfjöfnuður var neikvæður um 10,9 ma.kr. sem er 5,5 ma.kr. betri staða en á sama tíma í fyrra þar sem 2 ma.kr. skýrast með bættri rekstrarstöðu og 3,5 ma.kr. með bættri stöðu á fjármunahreyfingum.

Afborganir af lánum ríkissjóðs námu 6 ma.kr. Afborganir innlendra skulda námu 753 m.kr. og erlendra skulda tæplega 5,3 ma.kr.

Lántökur námu 33,2 ma.kr. Þar af námu innlendar lánahreyfingar 20,5 ma.kr. Gefin voru út óverðtryggð ríkisverðbréf fyrir 37,8 ma.kr. en á móti lækkaði stofn ríkisvixla um 17,3 ma.kr. Endurmat gjaldeyrisreikninga nam tæpum 12,7 ma.kr.